

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags skal vera Blönduóssbær.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgholt.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgholt í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að farið er út fyrir byggingarreit.

Breyting á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í stækkun lóðar til að liðka fyrir aðkomu að bílskúr.

Farið var með tillögurnar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 19. febrúar 2002.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.